



# Fréttabréf til stofnaðila

---

Helstu tíðindi úr starfemi Austurbrúar

**Jóna Árný Þórðardóttir og Jón Knútur Ásmundsson**

apríl – maí 2015



**AUSTURBRÚ**

þekking - þróun - þjónusta



## Fréttir af innleiðingaráætlun

Eitt af megin verkefnum Austurbrúar á árinu 2015 er að innleiða nýtt skipulag í samræmi við tillögur starfsháttanefndar sem kynntar voru á framhaldsársfundar 30. september 2014. Þessar breytingar munu gera skipulag Austurbrúar mun sveigjanlegra, fagþekking nýtist betur auk þess möguleikar til þverfaglegrar samvinnu verða fleiri. Markmiðið er sem fyrr að Austurbrú geti orðið sá aðili sem ríki, sveitarfélög, hagsmunaaðilar og íbúar geta leitað til með verkefni og einföldun stoðkerfis landshlutans í samræmi við áherslur hins opinbera. Tillögur starfsháttanefndar er að finna á heimasíðu Austurbrúar hér:

<http://www.austurbru.is/is/um-austurbru/stjorn-og-fagrad-austurbruar/fundargerdir-arsfunda>

Eftirfarandi yfirlit segir frá helstu verkþáttum innleiðingaráætluninnar, hvernig þeir standa nú og hvernig þeir stóðu í lok apríl. Sumum verkefnum innleiðingaráætlunar er lokið og um þau er fjallað í fyrri fréttabréfum. Flestir starfsmenn koma að þessari vinnu.

## Greining verkefna og innleiðing verkbókhalds

### 1.1 Greining verkefna, verk- og þjónustupáttanna

- *Skýring:* Greina þarf verkefni og búa til verkflokunarkerfi sem staðsetur þau í verkefnaflokk (kjarnaverkefni, tímabundin verkefni, SSA verkefni og skilgreind verkefni stoðþjónustu samhliða) og gefur þeim verknúmer sem talar við bókhaldið, eins einfalt og hægt er en samt nægilega sundurliðað til að halda því gagnsæi sem þarf.
- *Verklag:* Teymi starfsmanna undir verkstjórn eins þeirra.
- *Staðan 26. apríl:* Verkþáttagreining hafði verið birt en hafa verður í huga að þetta var fyrsta skrefið og í raun rammi sem mun halda áfram í þróun á þessu ári.
- *Staðan í dag:* Reynsla er að komast á verkþáttagreininguna og nú fer að verða til tölfræði sem segir til um hvaða vinnutímamagn er á bak við verkefni.

### 1.2. Samræming verk- og kostnaðarbókhalds

- *Skýring:* Að koma því á að verkbókhald, kostnaðarbókhald og verknúmer sé samtengt svo hægt sé að fylgjast með kostnaðarframvindu hvers verkefnis.
- *Verklag:* Verkefnisstjóri fjármála og bókhalds í samvinnu við aðra starfsmenn.
- *Staðan 26. apríl:* Starfsmenn höfðu fengið grunnþjálfun á notkun DK og voru byrjaðir að færa inn í verkbókhaldið. Næsta skref er að bregðast við reynslu starfsmanna af notkun kerfisins m.t.t. þess að gera þetta eins einfalt og hægt er.
- *Staðan í dag:* Starfsmaður sem sinnt hefur bókhaldi hefur látið af störfum og verktaki er að hefja störf. Þessi breyting gefur ákveðin tækifæri varðandi aðgreiningu starfa og að gera verkferla skýrari m.t.t. tímanleika upplýsinga.

### 1.3. Innleiðing

- *Skýring:* Innleiða notkun starfsmanna á verkbókhaldi og verkskráningu skv. nýju kerfi.
- *Verklag:* Verkefnastjóri fjármála stýrir vinnunni.
- *Staðan 26. apríl:* Starfsmenn höfðu fengið grunnþjálfun í notkun DK og voru byrjaðir að færa inn í verkbókhaldið.



- *Staðan í dag:* Nú fer að líða að því að skráning í verkþókhald verður forsenda þess að fá mánaðarlaun greidd. Reiknað er með að sumarið verði nýtt til að tryggja að allir starfsmenn fari eftir réttum verkferlum varðandi skráningu í verkþókhald.

## Starfsmannamál

### 2.1. Endurskoðun starfagreiningar

- *Skýring:* Endurskoðun starfagreininga þar sem markmiðið er að fara yfir skipulag og skiptingu verkefna á milli starfsmanna.
- *Verklag:* Teymi starfsmanna undir verkstjórn eins þeirra.
- *Staðan 26. apríl:* Búið var að gefa út verkgreiningu sem þó er í áframhaldandi þróun á meðan reynsla er að komast á kerfið.
- *Staðan í dag:* Skilningur á því hvað felst í því að vera verkefnisstjóri yfir verkefnum að aukast en enn unnið í því að koma fullri virkni á tengsl og hlutverk yfirverkefnisstjóra.

### 2.2. Starfalýsingar

- *Skýring:* Starfslýsingar þurfti að taka til endurskoðunar og eftir atvikum hefur þurft að gera nýja ráðningasamninga.
- *Verklag:* Trúnaðarmaður kemur að ákveðnum þáttum en framkvæmdastjóri ber ábyrgð á verkefninu.
- *Staðan 26. apríl:* Almenn starfslýsing verkefnastjóra lá fyrir ásamt verkefnayfirliti þar sem fram kom hverjir eru ábyrgðaraðilar yfir hvaða verkefni. Næsta skref er að klára viðbætur við ráðningasamninga sem tekur tillit til breytts skipurits.
- *Staðan í dag:* Starfsmannasamtöl í gangi m.a. til að fara yfir hvað stendur útaf í þessari vinnu.

### 2.3. Kjara og starfsumhverfi

- *Skýring:* Tekið saman yfirlit yfir launakjör starfsmanna. Vinnulag og málefni tengd skráningu vinnutíma tekið saman. Mikilvægt að allir starfsmenn séu samstíga varðandi skráningu.
- *Verklag:* Trúnaðarmaður, fjármálastjóri og framkvæmdastjóri hafa umsjón með verkinu.
- *Staðan 26. apríl:* Búið var að setja sameiginlegan skilning á blað og dreifa til allra starfsmanna í tölvupósti auk þess sem þetta var rætt á starfsmannafundi.
- *Staðan í dag:* Unnið hefur verið eftir þessum sameiginlega skilningi og er reynsla að komast á þetta umhverfi. Unnið að gerð og uppsetningu starfsmannahandbókar.

## Smíði og innleiðing verkferla

### 3.1. Verkferlar fyrir sértæk verkefni

- *Skýring:* Hvernig ný verkefni eru stofnuð og allar upplýsingar skráðar og hvernig verkefnum er lokið formlega.
- *Verklag:* Teymi starfsmanna undir verkstjórn eins þeirra.
- *Staðan í dag:* Í vinnslu sem hluti af gerð starfsmannahandbókar.



### 3.2. Verkferlar fyrir kjarnaverkefni

- *Skýring:* Hvernig þau eru stofnuð og upplýsingar skráðar.
- *Verklag:* Teymi starfsmanna undir verkstjórn eins þeirra.
- *Staðan í dag:* Í vinnslu sem hluti af gerð starfsmannahandbókar.

### 3.3. Verklagsreglur um skipan faghópa verkefna

- *Verklag:* Teymi starfsmanna undir verkstjórn eins.
- *Staðan í dag:* Ekki hafið.

### 3.4. Innleiðing verkferla

- *Skýring:* Innleiða þarf notkun allra verkefnastjóra á samræmdum verkferlum.
- *Staðan í dag:* Ekki hafið.

## Upplýsingaflæði

### 4.1. Skipuleggja upplýsingaflæði innan stofnunar og innleiða það skipulag

- *Skýring:* Annars vegar er um að ræða upplýsingaflæði á milli starfsmanna og svo út á við til stofnaðila, fjölmiðla og almennings.
- *Verklag:* Teymi starfsmanna (stjórnendateymi og verkefnastjóri ) undir verkstjórn eins þeirra.
- *Staðan 26. apríl:* Fyrirkomulag á reglulegum fundum með öllum starfsmönnum hafði ekki enn komist á, þó var haldinn fundur með öllum starfsmönnum 16. apríl og næsti fundur var fyrirhugaður 7. maí. Stefnt er að því að hafa starfsdag með öllum starfsmönnum í byrjun september. Búið er að setja upp innri upplýsingavef um innleiðingaráætlunina og þar var sett eftir síðasta stjórnendateymisfund samantekt úr fundargerð stjórnendateymis til upplýsinga fyrir starfsmenn.
- *Staðan í dag:* Fundaskipulag verður eðlilega mjög stopult í sumar vegna sumarleyfa en reynt verður að halda í horfinu eins og hægt er fundum í stjórnendateymi og í stjórn.

## Verklagsreglur stjórnar

### 5.1. Endurskoðun á verklagsreglum stjórnar

- *Skýring:* Endurskoðunin snýr að málum er varða fagrað, verkaskiptingu stjórnar og framkvæmdastjóra og að ekki verði sami einstaklingur kjörin formaður stjórnar Austurbrúar og er sitjandi formaður SSA.
- *Verklag:* Unnið af teymi stjórnarmanna undir forystu eins.
- *Staðan 26. apríl:* Hafði þegar verið sett fram til kynningar og lá til samþykktar á næsta fundi stjórnar.
- *Staðan í dag:* Samþykkt á stjórnarfundi - fer fyrir framhaldsaðalfund í haust til endanlegrar staðfestingar.

### 5.2. Verklagsreglur um faglegar úthlutunarstjórnir

- *Skýring:* Um verksvið úthlutunarstjórna og verkaskiptingu milli þeirra og stjórnar/framkvæmdastjóra Austurbrúar.



- *Verklag:* Teymi stjórnarmanna undir forystu eins.
- *Staðan 26. apríl:* Verklagsreglur voru vinnslu hjá úthlutunarráði og fagraðum.
- *Staðan í dag:* Lokið.

## Verklagsreglur starfsháttanefndar

### 6.1. Reglur um ábyrgð og hlutverk formanns SSA og verkefnastjóra sveitarstjórnarm

- *Staðan í dag:* Lokið.

## Tengsl SSA við Austurbrú

### 7.1. Þjónustusamningur um verksvið verkefnastjóra sveitarstjórnarmála

- *Staðan í dag:* Lokið.

### 7.2 Reglur um ábyrgð og hlutverk formanns SSA og verkefnastjóra sveitarstjórnarm.

- *Skýring:* Verklagsreglur um aukna ábyrgð formanns SSA og hlutverkaskiptingu hans og verkefnastjóra sveitarstjórnarmála hjá Austurbrú.
- *Verklag:* Formaður stjórnar SSA og framkvæmdastjóri Austurbrúar.
- *Staðan í dag:* Í vinnslu hjá SSA.

## Fjármál

### 8.1. Gerð nýrra samninga vegna Vonarlands

- *Skýring:* Gerður verði nýr leigusamningur vegna húsnæðisins á Vonarlandi sem styður við hlutverk Austurbrúar og passar við aðstæður stofnunarinnar fyrir árið 2015.
- *Verklag:* Verkefnisstjóri reikningsskila og framkvæmdastjóri.
- *Staðan 26. apríl:* Fyrir lágu drög að samningi á milli Austurbrúar og Vísindagarðsins sem fór fyrir stjórn 28. apríl 2015.
- *Staðan í dag:* Lokið.

### 8.2. Frágangur og sala vegna Miðvangs

- *Staðan í dag:* Lokið.

### 8.3. Uppsetning fjárhagsbókhald

- *Skýring:* Gengið verði frá uppsetningu fjárhagsbókhald til að styðja við skýrslugjöf og greiningu kostnaðar.
- *Verklag:* Verkefnisstjóri reikningsskila og verkefnisstjóri fjármála.
- *Staðan í dag:* Þriggja mánaða innanhúsuppgjör liggur fyrir - nú er verið að vinna að því að færa færslu bókhalds til verktaka fram að áramótum í tengslum við breytingar í starfsmannahaldi.

### 8.4. Upplýsingagjöf til stofnaðila

- *Skýring:* Gerðir verða verkferlar fyrir miðlun fjárhagsupplýsinga reglulega til stofnaðila.



- *Verklag:* Verkefnisstjóri kynningarmála, Verkefnisstjóri reikningsskila og verkefnisstjóri fjármála.
- *Staðan 26. apríl:* Tafir urðu á þeim tímasetningum sem settar voru fram í byrjun mars. Hagsmunaaðilaerindi fór af stað um mánaðarmótin og þriggja mánaða uppgjör lá fyrir í lok maí.
- *Staðan í dag:* Drög að þriggja mánaða innanhúss uppgjöri er sett hér í fréttabréfið. **ATH: Þetta uppgjör er innanhúsuppgjör og ekki hægt að fullyrða að það sé villulaust en gefur þó vísbendingu um hvar málin standa eftir fyrstu þrjá mánuði ársins. Reiknað er með að sex mánaða staða verði tekin út í ágúst.**

## Ársreikningur 2015 - 3 mánuðir

	3 mán 2015	Aætlun 2015	Hlutf. áætl.	2014	2013
<b>Rekstrartekjur</b>					
Framlög frá byggðastofnun	5.500.000	22.000.000	25%	22.025.552	27.207.959
Menningarmál/sóknaáætlun	6.000.000	72.980.000	8%	54.684.844	57.900.000
Framlög / Sértekjur frá Ríkissjóði Íslands háskóla/rann:	8.100.000	32.760.000	25%	34.200.000	34.123.500
Framlög / Sértekjur frá Ríkissjóði Íslands til símenntun:	5.400.000	21.840.000	25%	26.118.400	33.040.000
Framlög sveitarfélaga	3.089.500	12.358.000	25%	24.790.277	24.732.420
Önnur framlög	15.153.274	85.716.720	18%	92.922.294	88.438.115
Aðrar tekjur	18.970.241	83.331.000	23%	77.430.387	91.280.627
Söluhagnaður varanl. Rekstrarfjármuna				13.709.530	
<b>Samtals</b>	<b>62.213.015</b>	<b>330.985.720</b>	<b>19%</b>	<b>345.881.284</b>	<b>356.722.621</b>
<b>Rekstrargjöld</b>					
Laun og launatengd gjöld	44.747.913	173.035.000	26%	209.410.098	178.730.566
Úthlutaðir styrkir	0	53.812.000		54.950.000	52.200.000
Kostnaður vegna yfirstjórnar	0	0		7.062.513	8.104.558
Verkefnakostnaður	7.591.241	40.768.000	19%	0	0
Annar rekstrarkostnaður	9.704.976	59.770.720	16%	119.608.715	134.478.455
<b>Samtals</b>	<b>62.044.130</b>	<b>327.385.720</b>	<b>19%</b>	<b>391.031.326</b>	<b>373.513.579</b>
<b>Rekstrarniðurstaða (án afskrifta, fjármagnsgjalda)</b>	<b>168.885</b>	<b>3.600.000</b>	<b>5%</b>	<b>-45.150.042</b>	<b>-16.790.958</b>
Afskriftir				4.510.868	3.567.892
<b>Rekstrarniðurstaða án fjármunatekna og fjármagnsgjalds</b>	<b>168.885</b>	<b>3.600.000</b>	<b>5%</b>	<b>-49.660.910</b>	<b>-20.358.850</b>
Hrein fjármagnsgjöld	-703.997	-3.600.000	20%	-4.404.517	-719.732
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>-535.112</b>	<b>0</b>		<b>-54.065.427</b>	<b>-21.078.582</b>

### 8.5. Kostnaðargreining samninga

- *Skýring:* Fastir samningar verði kostnaðargreindir sem grundvöllur undir endurskoðun samninga og gerð nýrra samninga á árinu 2015.
- *Verklag:* Verkefnisstjóri fjármála, verkefnisstjóri reikningsskila og yfirverkefnisstjórar.
- *Staðan 26. apríl:* Forsenda var að klára verkgreininguna og þurfti að forgangsráða samningum til endurskoðunar og kostnaðargreiningar.
- *Staðan í dag:* Óbreytt staða.

### 8.6 Starfsreglur og innra skipulag

- *Skýring:* Gerðar verði innri reglur er varða símenntun starfsmanna og annað er miðar að jákvæðu og uppbyggilegu starfsumhverfi innan stofnunarinnar.
- *Verklag:* Verkefnisstjóri mannauðsmála og stjórnendateymi Austurbrúar.
- *Staðan í dag:* Í skoðun hjá verkefnisstjóra mannauðsmála.



## 8.7. Kostnaðareftirlit

- *Skýring:* Búnir verði til innri verkferlar sem miða að virku kostnaðareftirliti sem aðgengilegt er öllum er starfa innan stofnunarinnar.
- *Verklag:* Verkefnisstjóri reikningsskila og verkefnisstjóri fjármála.
- Staðan 26. apríl: Verkbókhald komið af stað og fært inn úr Excel-skjölum jan/feb mánuði.
- *Staðan í dag:* Nú er verið að búa til starfsmannahandbók. Horft á að skilgreina kjarnaskýrslur í DK í þeirri handbók fyrir verkefnastjóra.

## Önnur verkefni í apríl og maí

\*ATH ekki er um tæmandi upptalningu að ræða heldur stutt yfirlit yfir helstu áhersluatriði.

- Unnið var að skipulagningu ársfundar sem haldin var 19. maí í Kirkju- og menningarmiðstöðinni á Eskifirði.
- Í tengslum við ársfund var unnið að gerð ársreiknings og ársskýrslu sem hvorttveggja er aðgengilegt á heimasíðu Austurbrúar: <http://www.austurbru.is/is/um-austurbru/utgefing-efni>
- Unnið hefur verið að endurskoðun þjónustusamninga í samráði við fulltrúa hagsmunaaðila.
- Ársfundur sjálfbærnisverkefnisins var haldinn í byrjun maí í Skólamiðstöðinni á Fáskrúðsfirði og var hann mjög vel sóttur.
- Á tímabilinu hefur verið unnið í verkefnum tengdu *Make by þorpið* í samræmi við samning við SAM-félagið um uppbyggingu klasa í skapandi greinum. Unnið er að eflingu grasrótarsamtaka, skráningu á tengslaneti, hönnun og endurskipulagning heimasíðu og upplýsingaveitu á samfélagsmiðlum.
- Þá er unnið að uppbyggingu á austfirsku vörumerki, farvegi fyrir markaðssetningu á austfirskri vöru.
- Unnið hefur verið á tímabilinu að áframhaldandi þróun þekkingarseturs í áframvinnslu á áli í samræmi við viljayfirlýsingu frá því í nóvember í fyrra.
- Smábókin, leiðsögurit um Austurland, fór í prentun á tímabilinu og byrjað að dreifa henni í lok maí. Hún er aðgengileg hér: <http://www.east.is/en/travel/east-iceland-official-tourist-guide>.
- Dagleiðakort hannað og prentað og gefið út í byrjun júní í 38 000 eintökum og dreift um allt land.
- Skipulagt var innlegg Austurlands í herferðina „Ask Guðmundur“ í samstarfi við Íslandsstofu.
- Boðið var upp á vinnustofu við gerð umsókna og aðstoð var veitt umsækjendum í Uppbyggingarsjóð Austurlands. Töluverð vinna var síðan við yfirferð umsókna með nefndum og umsjón með úthlutun sem átti sér stað í samhengi við aðalfund Austurbrúar.
- Unnið hefur verið að umfjöllun og auglýsingum í tengslum við birtingaráætlunarverkefnið sem unnið er í samstarfi við sveitarfélögin á Austurlandi.
- Nýr starfsmaður Austurbrúar hóf störf í frumkvöðlasetrinu Djúpinu á Djúpavogi, þann 7. apríl. Á tímabilinu hefur hún einna helst verið að kynna sér nýsköpun og atvinnustarfsemi fyrirtækja og einstaklinga í samfélaginu.
- Útskrifaður var fyrsti hópurinn í staðarleiðsagnarnámi sem taldi 20 nemendur og fór hópurinn í vettvangsferð þar sem helstu áningastaðir Austurlands voru heimsóttir.
- Námskeiðið „Næstu skref“ fyrir unga atvinnuleitendur í Fjarðabyggð í samstarfi við STARF og Vinnumálastofnun lauk í apríl.
- Framhaldsnámskeið í víravirki var haldið á Neskaupstað.



- Fyrsti hópur í menntastoðum útskrifaðist auk þess sem samstarfi var komið á við Þekkingarnet Þingeyinga um framboð á náminu næsta vetur.
- Lokaskýrslu í tengslum við rannsóknarverkefnið „Þar sem Eyjahjartað slær“ var skilað inn og unnið er nú að því hvernig skuli kynna niðurstöður fyrir Austurland.
- Unnið var að sóknaráætlun Austurlands fyrir SSA á tveimur fundum með hópi fólks sem landshlutasamtökin skipuðu. Drög að sóknaráætlun er núna í athugasemdaferli.
- Unnið var að tilkomu og kynningu á diplómanámi í leikskólafræðum en það er fjarnám sem verður í boði í fyrsta skipti frá Háskólanum á Akureyri.
- Örnámskeið á vegum Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands var haldið 21. apríl í Djúpinu og verið er að vinna að því að fá fleiri námskeið næsta vetur. Eins má nefna fundi með frumkvöðlum og fólki í nýsköpun- og sveitarstjórn, ásamt annarri umsýslu í kringum Djúpið.
- Á Vopnafirði fór fram grunnnámskeið fyrir fiskvinnslufólk ásamt viðbótanámskeiði sem fram fór á vegum HB Granda frá 4. til 13. maí. Unnið var eftir námskrá frá FA.
- Rúm 300 próf voru tekin í vorprófatörninni. Þau voru tekin á öllum starfsstöðvum Austurbrúar, flest á Egilsstöðum.
- „Kína séð með augum aldraðs Vopnfirðings“ var myndasýning sem Sigurður Ólafsson stóð fyrir í Kaupvangskaffi á Vopnafirði með aðstoð Austurbrúar.
- Starfsmaður Austurbrúar tók þátt í málþingi um frekara samstarf samstarf samstarfssvæðanna Vesterålen, Austurlands og Donegal.
- „Háskólalestin á Vopnafirði“ - Vísindaveisla í Miklagarði þar sem nemandi frá Háskóli Íslands sýndu hvernig efnafræði og öðrar námsgreinar virka í praxís. Austurbrú notaði tækifærið og kynnti starfseminu fyrir Vopnfirðingum og öðrum áhugasömum.
- Mikið af fundum hafa átt sér stað bæði með fyrirtækjum og sveitarfélögum í tengslum við flugvallarverkefnið auk þess sem starfshópur verkefnisins kom saman í apríl.
- Fundur haldin 19. maí hjá hjá starfshópi sem forsætisráðuneytið skipaði í vor, og leitar leiða til að koma á reglulegu millilandaflugi um Akureyrarflugvöll og Egilsstaðaflugvöll. Nefndina skipa m.a. fulltrúar frá ISAVIA og innanríkisráðuneytinu auk aðila í ferða- og atvinnuþróunarmálum á Norðurlandi og Austurlandi. Austurbrú á fulltrúa í starfshópnum.
- Nú í vor hafa verið í gangi íslenskunámskeið á Egilsstöðum og Reyðarfirði sem hafa verið gjaldfrjáls fyrir félaga í Afli. Námskeiðin hafa verið vel sótt og verða kláruð eftir sumarfrí.